

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu í Bolungarvík, nr. 105 26. maí 1943, sbr. auglýsingu um breyting á þeirri reglugerð, nr. 84 25. júlí 1959.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, skal greiða aukagjald samkvæmt samningi við hreppsnefndina. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli og er endurgjaldið þá kr. 1.00 af hverri smálest.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 291.

31. desember.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 200 30. des. 1958, um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

Í stað „0,8%“ í 1. gr. komi: 1,2%, og í stað „200.00 kr.“ í sömu grein komi: 300.00 kr.

2. gr.

Í stað „1 krónu“ í 2. gr. komi: kr. 1.50.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjastjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til

Reglugerð nr. 200/1958, með ofanefndum breytingum, skal felld inn í reglugerð nr. 200/1957, og gefin þannig út sem reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.